

# Skýrsla Stjórnar FLÍ - Félags leikstjóra á Íslandi 2018-2019

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Páll Baldvin Baldvinsson, formaður, Kolbrún Halldórsdóttir, ritari og Tryggvi Gunnarsson gjaldkeri. Varamenn í stjórn voru Stefán Hallur Stefánsson, Agnes Wild Porkelsdóttir og Harpa Arnardóttir.

Stjórn hélt alls 6 fundi á starfsárinu frá síðasta aðalfundi og eru fundargerðir vistaðar í stafrænni skjalageymslu félagsins.

Efnt var til félagsfundar þann 25. febrúar til undirbúnings samningaviðræðum við fjármálaráðuneytið og Þjóðleikhúsið en fáir félagar mættu á fundinn.

Erindi til stjórnar berast flest um netfang félagsins eða í símtölum til formanns. Ekki er haldið úti sérstökum viðtalstíma á skrifstofu félagsins að Lindargötu 6. Hluta liðins starfsárs var skrifstofan leigð út til félagsmanna gegn lágu gjaldi. Samskipti stjórnarmanna um stafræna miðla um mál sem upp koma milli strjálra funda hafa enn leitt hugann að því hvort félaginu er í raun þörf á húsnæði að Lindargötu.

Á liðnu starfsári var starfandi lokaður hópur á Facebook og eru í honum skráðir félagar auk þeirra sem lokið hafa menntun sem veitir félagsrétt. Var um þá gátt reglulega dreift upplýsingum til félaga og annarra sem hagsmuna hafa að gæta í stéttinni. Eru nú 137 skráðir í þann hóp og hefur upplýsingadreifing um þann farveg þann kost að hægt er að sjá hverjir fylgjast reglulega með skilaboðum er þar birtast.

Félagsmenn voru í lok árs 2018 skráðir 121. Af þeim voru 27 undanþegnir félagsgjöldum samkvæmt núgildandi lögum vegna aldursákvæða, en fáeinir þeirra greiða hlutfall af launum eins og gert er ráð fyrir í samþykktum félagsins vegna starfa sinna sem launþegar.

Alls eru á fjórða tug félaga líka skráðir í Félag íslenskra leikara og greiða þar tilhlýðileg félagsgjöld. Fáeinir félagsmenn hafa óskað eftir að vera skráðir aukafélagar sökum þess að þeir sinna tímabundið annarri vinnu.

Á fjórða tug félagsmanna greiðir tilhlýðileg félagsgjöld umfram fastagjald í gegnum BHM og nýtur þar réttinda umfram aðra.

Erindi félagsmanna til stjórnar lúta flest að réttindamálum. Er bæði sinnt umkvörtunarefnum félagsmanna og þeirra sem ekki eru félagar til að vernda rétt leikstjóra almennt.

Sú óregla sem er á samsetningu félagsins veikir það og eins og síðar er vikið að í skýrslu stjórnar er brýnt að sviðslistamenn sameinist í ein samtök svo kraftar þeirra sundrist ekki enda líklegra að sameinaðir geti þeir betur varist skerðingum á hagsmunum heildarinnar.

## *Kjaramál*

Samningar við helstu samningsaðila FLÍ eru runnir út og verður að ganga til samninga á næstu mánuðum. Eins og öllum er ljóst eru miklar hræringar á launamarkaði og því víst að verði reynt að halda aftur af launakröfum. Minna má á að framlengdir samningar sem nú eru í gildi byggðu á samningavinnu sem átti sér stað á árunum 2014-2016. Nú er komin nokkur reynsla á þá samninga og hefur samninganefnd safnað í sarpinn athugasemdum félaga að fenginni reynslu.

Þá er ljóst að félagið þarf að sækja rétt aðstoðarleikstjóra og tryggja kjör þeirra. Hefur Þjóðleikhúsið sóst sérstaklega eftir að sett verði viðmið um þá vinnu. Á vegum leikstjóra var búið að leggja nokkra vinnu í þá samningsgerð og þarf að skýra samningsmarkmið, ábyrgð og

starfssvið. Nú eru greidd mánaðarlaun fyrir aðstoðarleikstjórn á bilinu 60-75% af launaflokki þeim sem viðkomandi tilheyrir samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Verri er staða dramaturga sem eru fáir á föstum launum og sundruð sveit í ýmis stettarfélög. Efnt var til viðtala við nokkra þeirra og kom í ljós að þeirra kjör eru ærið mismunandi og verkefni margbreytileg. Þarf samninganefnd félagsins að opna viðræður við viðsemjendur okkar um þann mikilvæga þátt sviðsetninga.

Af reynslu liðinna ára eru komin nokkur atriði sem þarf að árétta í samningagerðinni og verður það verkefni samninganefndar í haust að hefja viðræður við fjármálaráðuneyti/Þjóðleikhús, LR, MAK (sem við höfum ekki samning við en þeir hafa fylgt gildandi samning við LA), og Íslensku óperuna. Í framhaldi af því að endurskoða gildandi taxta fyrir sviðsetningar áhugamannafélaga. Má ætla að nýjum samningum verði lokið fyrir lok árs 2019 og þeir verði að meginefni í gildi í þrjú ár til 2022.

Stjórn hefur lýst vilja sínum til viðræðna við Sjálfstæðu leikhúsin um gerð minnisblaðs sem aðilar geta fallist á að komi sjálfstæðu hópunum að gagni í þeirra starfi. Sjálfstæðu leikhúsin hafa með sér bandalag sem ber ekki einkenni samtaka atvinnurekenda en viðmið í launahugsun fyrir þann hluta geirans gæti komið stoðum undir ríkari stuðning við þá af hálfu fjárveitingavaldsins. Samninganefnd var skipuð þeim Páli Baldvinsyni, Agnesi Wild og Tryggva Gunnarssyni. Þeir Páll og Trygvi eru í endurkjöri en þriðja manninn þarf að kjósa.

## Verktakar

Talsvert þrek hefur farið á liðnu ári til þess að minna félagsmenn á hagnýti launasamninga en þeim leikstjórum fjölgar enn sem vinna samkvæmt verktakasamningum en hafa ekki skráð fyrirtæki sín hjá félaginu og greiða ekkert af launum sínum í félagssjóði.

Rétt er að minna á gildandi lög félagsins, grein 10.:

*Félagsmaður, sem tekur verktakagreiðslu hjá samningsbundnum vinnuveitanda, er ábyrgur fyrir því að hann eða samningaðilinn geri félaginu skil á 1,5% félagsgjaldi og gjaldi í menningarsjóð FLÍ samkvæmt samningum félagsins, reiknað sem hlutfall af upphæð sem samsvarar því að um venjulega launagreiðslu hefði verið að ræða.*

Verktakasamningur inniber ýmis vafaatriði þegar leikstjórn er annarsvegjar, ekki bara fyrir verktakann heldur líka verkkaupann. Af gögnum sem félagið hefur undir höndum má sjá að oft er um gerviverktöku að ræða, er í kunnnum tilvikum farið að flestu leyti eftir launasamningi, verktakinn einungis svikinn um hluta þess kostnaðar sem hann ber sem atvinnurekandi. Hæst álag á verktakasamninga hefur náðst 55%, þó flest tilvik sem kunn eru búi við um 32% álag en eins og kunnugt er það mat Starfsgreinasambands Íslands að álag á laun þurfi að vera 55% til að ná sömu réttindum og launasamningur gefur.

Hætt er við að margir verktakar beri skarðan hlut frá borði og því er það álit stjórnar að hefja verði vinnu við gerð samningseyðublaðs fyrir þá sem þannig vilja vinna og fá það viðurkennt af verkkaupum. Með því gæti náðst fram nokkur réttarbót fyrir þessa aðila og um leið hvað tapaðist við gerð verktakasamninga sem verktakinn yrði að bera ábyrgð á, svo sem slysatrygging, missir höfundaréttar og sýningalauna, orlofsrétt og fleira. Komið hefur til álitna að útbúa minnisblað með þeim kostnaðarauka sem fellur á verksalann kjósi hann að vinna í verktöku en þá koma til álitamál sem í öðrum greinum listamanna hafa fengið meðferð: húsnæðiskostnaður við undirbúning fjarri verkstað, pappír, ritföng og tölvukostnaður, aksturskostnaður, tryggingar og svo framvegis. Félaginu er ekki heimilt að gefa út taxta fyrir þess háttar vinnu en getur gefið

út leiðbeiningar um kostnað sem fellur til hjá einstaklingum eða fyrirtækjum þeirra sem vinna við leikstjórn.

### *Nýir félagar á árinu*

Nokkrir leikstjórar sóttu um félagsaðild á þessu starfsári og voru umsóknir þeirra jafnharðan afgreiddar á stjórnarfundum: Anna Katrín Einarsdóttir, Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir, Anna María Tómasdóttir, Bryndís Ósk Þ. Yngvarsdóttir og Fanney Vala Arnórsdóttir. Lög félagsins eru ekki skýr hvað varðar innheimtu félagsgjalda er á starfsárið er liðið og þarf næsta stjórn að setja reglur um innheimtu félagsgjalda í þeim tilvikum.

### *Starfandi leikstjórar*

Síðastliðið haust var óskað var eftir upplýsingum frá helstu leiklistarstofnunum um þá sem sinna mundu starfi leikstjóra á þeim vetri sem nú er liðinn og brá þá svo við að fátt var um svör.

Hjá Þjóðleikhúsinu voru starfandi 13 leikstjórar: þrír þeirra voru erlendir og þó félagslög geri ráð fyrir að þeir skuli greiða til félagsins þá eru engin sértæk ákvæði í kjarasamningi við fjármálaráðuneyti sem tryggja það. Fimm leikstjóranna eru leikarar á föstum samningi við leikhúsið og vinna sviðsetningar á kjörum sem félaginu eru ókunn en eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu greiðir Þjóðleikhúsið verktakaingreiðslu til viðbótar föstum leikaralaunum viðkomandi listamanna. Sjö leikstjóranna eru félagsmenn. Engir samningar bárust félaginu eins og tilskilið er í samningi FLÍ, Fjármálaráðuneytisins/Þjóðleikhússins.

Hjá Leikfélagi Reykjavíkur voru starfandi 13 leikstjórar. 7 þeirra eru félagsmenn, 6 þeirra greiddu tilskilin gjöld til félagsins. Engir samningar bárust félaginu. Fjórir leikarar sinntu leikstjórn við húsið og greiða engin tilskilin gjöld til félagsins.

Hjá MAK voru starfandi 3 leikstjórar, 2 þeirra félagsmenn og greiddu þeir til félagsins samkvæmt lögum félagsins. Einn hefur starfað utan félagsins allan sinn feril og aldrei greitt til félagsins. Einn samningur hefur borist félaginu.

Engin sammingsbundin gjöld bárust frá RUV – hljóðvarpi. Sömu sögu er að segja af hópi leikstjóra sem vinnur hjá RUV – sjónvarpi. Þeir vinna allir á verktakasamningum.

Því er þessi skrá birt hér að hún sýnir stöðu félagsins. Hér má sjá hóp leikstjóra sem kýs að vera utan félags og vinna flestir þeirra í verktöku. Annar hópur leikstjóra eru fastráðnir leikarar hjá viðkomandi stofnun og ráðnir til leikstjórnar á sérsamningi. Um ráðningu þeirra eru gildandi samningar við LR sem gera ráð fyrir 57% álagi á launaflokk viðkomandi. Snemma árs 2018 gaf þjóðleikhússtjóri þær upplýsingar að frá áramótum 2017/18 fengju fastir starfsmenn verktakalaun í ábót fyrir leikstjórn kr. 2,5 milljónir, en fjárhagsárið 2017 hafi hún numið 2,0 milljónum. Varðandi stöðu erlendra leikstjóra þá neitaði þjóðleikhússtjóri að veita upplýsingar um netföng þeirra svo hægt væri að ná í þá og kynna þeim réttarstöðu sína. Lagagreinar um erlenda leikstjóra og aðra listamenn sem koma til landsins eru ekki virtar og neitað samráði við fagfélög um þeirra hag. Gildir það um danshöfunda, búninga og leikmyndahöfunda.

Nú má færa rök fyrir því að leikstjórnarvinna á þriggja til fimm mánaða launasamningum henti einhverjum betur í verktöku. Raunar sýna gögn að slíkir samningar eru feluleikur, öll umgerð slíkra samninga er sniðin eftir launasamningum félagsins, ef frá eru talin launatengd gjöld sem falla á verksala. Sá árangur náðist á liðnu starfsári að verktakaálag hefur í tveim kunnum tilvikum hækkað í 42-55% en skjallæg gögn um þá samninga eru í vörslu formanns. Persónuverndarsjónarmið eru farin

að torvelða stéttarfélögum að safna slíkum gögnum, sem fyrr byggist túlkun leikhússtjóra og framkvæmdastjóra leikhúsa á því að leikstjórum sé í sjálfsvald sett að afhenda þau.

Verktökuvandinn stendur félaginu fyrir þrifum og mun um síðir gera það óvirkt. Bent hefur verið á að stór hluti starfandi leikstjóra þiggur víða verktakalaun en engan veginn er tryggt að þau skili þeim kjörum sem launasamningar gera.

## *Staða sjúkrasjóðs*

Ekki hafa komið upp tilvik þar sem reynt hefur á stöðu félaga gagnvart sjúkrasjóð. Eins og kunnugt er var sjúkrasjóður okkar tæmdur fyrir fáeinum árum og samningsbundar greiðslur starfandi leikstjóra sem staðið er skil á fara um farveg BHM í styrktar- og sjúkrasjóð á þeirra vegum. Greiðendur þá leið eiga rétt í honum. Hinir sem greiða aðeins fastagjald (lágmarksfélagsgjald) eða eru því undanþegnir eru réttlausir í sjóði á okkar vegum en njóta margir réttinda úr sjóðum annarra fagfélaga ef þeir greiða til þeirra að staðaldri. Annars eru þeir réttlausir utan styrks úr Sjúkratryggingum en þar eru reglur á þann veg að umsóknarferli er þungt og greiðslur berast seint til þess sem réttar nýtur. Það var tillaga stjórnar að gerð verði könnun meðal félagsmanna um stöðu þeirra og réttindi í sjúkrasjóðum til að auka árvekni þeirra um mikilvægi þeirra og brýna fyrir þeim að slík réttindi eru ekki fengin nema með mánaðarlegu framlagi til félagsins um kerfi BHM. Það hefur ekki gengið eftir.

## *Launahækkanir*

Á liðnu starfsári kom til ein hækkun á töxtum félagsins og var send út áminning til allra félaga um hana. Var vakin sérstök áhersla á bættum kjörum leikstjóra varðandi viðbótarlífeyrissparnað: Samkvæmt samkomulagi við fjármálaráðuneytið frá 27. nóvember 2015 hækkaði mótframlag atvinnurekenda úr 8,5% frá 1. júlí 2017 í 10% og í 11,5% frá 1. júlí 2018.

Enn verður að ítreka að þessi hækkun á viðbótarlífeyrisgreiðslum nær einungis til þeirra sem nýta þessi valkvæðu réttindi. Er mikilvægt að félagsmenn gæti að þessari hækkun í launasamningum sínum og sé þess ekki getið í samningi skulu þeir ganga eftir þessum rétti sínum. Kom á liðnu starfsári upp að þjóðleikhúsið vanrækti upplýsingaskyldu sína gagnvart leikmynda- og búningahöfundum varðandi þessi réttindi og grunur er uppi um að sömu skyldur hafi verið vanræktar gagnvart leikstjórum. Meðan samningar berast ekki hefur félagið engin tæk á að kanna það.

## *Menningarsjóður – Talía*

Ein veiting var á starfsárinu úr Menningarsjóði á liðnu ári og er ólokið síðari úthlutun. Í stjórn sjóðsins sitja nú Tryggvi Gunnarsson, Þorgerður E. Sigurðardóttir og Ástbjörg Rut. Fjórir leikstjórar fengu styrk úr menningarsjóði á liðnu hausti og var send út auglýsing um vorúthlutun í 10. júní.

Á liðnu starfsári hófust úthlutanir á ný úr Talíu ferða- og styrktarsjóði FÍL, FLÍ, FÍLD og FLH með tilstyrk Reykjavíkurborgar. Stjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir jafnharðan og var þremur aðilum veitt úr sjóðnum. Hann er mikilvæg viðbót við þá styrktarmöguleika sem sviðslistafólki gefast.

## *Sviðslistasjóður*

Formaður sat á vegum SSÍ í sviðslistaráði sem var tímafrekt starf í nær tvo mánuði. Nýtt sviðslistaráð tekur til starfa í haust og hefur Agnar Jón Egilsson verið skipaður í hans stað, en aðrir fulltrúar eru skipaðir af Listaháskólanum og menntamálaráðherra. Umhverfi umsókna hefur verið gagnrýnt en sviðslistaráð afgreiðir einnig starfslaunaumsóknir í launasjóð sviðslistafólks. Fráfarandi sviðslistaráð hyggst vinna minnisblað til ráðuneytis, stjórnar Listamannalauna og Rannís til að taka á

umsóknarblaði og nokkrum þeim starfsreglum sem fráfari ráð hefur fylgt þar sem líklegt er að allir fulltrúar í næsta ráði verði nýjir. Meðal þeirra atriða sem gerð er athugasemd við má nefna dreifingu milli ólíkra sýningarforma, jafnréttissjónarmið kynja og bættu stöðu leikhópa með starfstöð utan helsta þéttbýlis landsins, aðkomu nýrra sviðslistaforma með veika stöðu svo sem sirkus og brúðuleikhúss.

## *Kynningarmiðstöð*

Formaður var skipaður í vinnuhóp að beiðni mennta og menningarmálaráðherra til að vinna frekari tillögur um sameiningu kynningarmiðstöðva, styrktarsjóða og hefðbundinna samstarfssamninga ráðuneytisins til listanna. Hefur nokkur tími farið í það starf en stefnt er að tillögum til ráðherra í lok júní. Ekki er ástæða til að greina frá þeim tillögum sem starfshópurinn hefur unnið en mikinn tíma hefur tekið að greina hvar fjármagn liggur og hvert það streymir úr ráðuneytinu. Ljóst er að fjárstreymið er meira en margan grunar, leiðir ólíkar og ekki stjórnsýslulegt samræmi milli sjóða, en ráðuneytisstjóri lýsti því yfir á fundi með fulltrúum allra miðstöðva og sjóða að kerfið væri frumskógur. Með lögum um opinber fjármál sem gera ráð fyrir fimm, þriggja og eins árs fjárhagsáætlunum ráðuneyta og stofnana er það mikill hagur listamanna að kerfið sé fært upp, sett undir samhæfðar reglur hvað varðar umsóknir, faglegar matsnefndir og samræmda stjórnsýslu. Mótun hluta sviðslistanna í kynningarstarfi byggir að öllu leiti á vinnu fyrri nefnda SSÍ en þar er gruggugt vatn: fjármögnunarkerfi leikhópa t.d. til ferðalaga og kynningar erlendis er mjög veikt, þó Hot Ice hafi sýnt og sannað að langt má ná á því sviði.

## *Sviðslistalög*

Í þriðja sinn komu fram drög að nýjum sviðslistalögum. Voru þau boðuð á samráðsgátt og vakti það þegar viðbrögð sviðslistafólks. Er drögin síðan birtust bættist enn í athugasemdir og hélt Sviðslistasamband Íslands fund um frumvarpið og sendi frá sér ályktun þar sem frumvarpinu var hafnað. Í kjölfar þess var formaður FLÍ kallaður til starfa í ráðuneyti við lokafrágang lagafrumvarps. Í því starfi var af hálfu ráðuneytis lögð rík áhersla að samræma lögin öðru lagaumhverfi þó enn megi sjá misræmi milli tónlistarlaga, kvikmyndalaga og bókmenntalaga. Stór árangur var í frumvarpi sem leit dagsins ljós og var lagt fram í vor að Íslenski dansflokkurinn fær lagastoð, einnig ákvæði um að unnið skuli að stofnun Þjóðaróperu. Ráðherra beitti sér í lagagerðinni á þann veg að Þjóðleikhúsráði yrði ekki úthýst úr lögunum en verulega var dregið úr völdum þess sem hafa lengi rekist á lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, kaflann um forstöðumenn og ábyrgð þeirra, reglugerð um Þjóðleikhús og erindisbréf Þjóðleikhússtjóra. Ekki er útséð um lagasetningu frumvarpsins en stjórn að Páli frátöldum samdi umsögn um frumvarpið er það var komið til þingsins. Gamalt stefnumál BÍL um meirihluta listamanna í fagráðum á borð við Þjóðleikhúsráð og stjórnarnefnd íslenska dansflokksins gæti ræst nái lögin fram að ganga. Fundið var að því orðalagi frumvarpsins að „fagfélögin“ skipi þá meirihluta þessara ráða og hefur stjórn FLÍ þegar haft frumkvæði að stofnun samráðshóps fagfélaganna til að annast val á einstaklingum í ráðið ef til þess kemur að lögum verði samþykkt.

## *IHM*

Ítarlega var gerð grein fyrir stöðu mála í IHM í síðustu ársskýrslu. Framkvæmdastjórn samtakanna var falið á síðasta ári að kanna umhverfi samsvarandi samtaka á öðrum Norðurlöndum og kom í ljós að þar er útreikningi og skiptingu bóta fyrir afrit til einkanota mismunandi fyrir komið. Taldi framkvæmdastjórnin fýsilegt að líta til Noregs en þar er ítarleg könnun meðal neytenda grundvöllur útdeilingar þess fjár sem rennur til eigenda höfundarréttar. Lýstu fulltrúar okkar á fjölskipuðum

stjórnar- og fulltrúaráðsfundum IHM að engar breytingar yrðu gerðar á því hlutfalli sem deilt er út nema að undangengnum gerðardómi en sýnilega vill meirihluti samtaka sem aðild eiga að IHM reyna að koma á nýjum hlutaskiptum í skjóli valds og þess ólýðræðislega fyrirkomulags sem er í lögum samtakann sem ekki hefur tekist að hnika. Stjórn IHM tók þá ákvörðun að greiða út 80% af árlegum bótum og hafa sum samtök þegar greitt það til kröfuhafa sinna. Fulltrúi okkar tilkynnti IHM strax að FLÍ myndi ekki auglýsa eða greiða út til þeirra sem um sæktu bætur fyrir en öll fjárhæðin hefur verið greidd til okkar. Formaður vann nokkuð í að kanna hvaða leikstjórar ættu rétt á bótum fyrir vinnu sína við leikstjórn við talsetningu teiknimynda það árið sem bæturnar ná til, 2017. Kom í ljós að þeir eru ekki margir. Í könnun sem IHM gerði fyrir rúmu ári (í maí) kom í ljós að ekkert leikið efni var í boði á dagskrá hljóðvarpsmiðla, en mest sóttu neytendur af íslensku leiknu sjónvarpsefni. Hlutur fréttar reyndist afar rýr. Á könnunni mátti sjá að mikil breyting er orðin á neyslu efnis varpmiðla. Má leiða af líkum að innlent podcast-efni sé að styrkjast.

Brýn þörf er að stjórnarmenn FLÍ hafi þrek til að sinna hagsmunum okkar fólks innan IHM þó við ofurefli sé að etja. Tilraunir okkar til að ná einhverju samkomulagi við RUV um aðgengi að leiknu efni í safni Ríkisútvarpsins hafa engan árangur borið.

Þann 12. júní er aðalfundur IHM. Ekki tókst betur til fundarboðsins svo að það var með formlegum ágalla. Ekki gat stjórnin tryggt að ársreikningur yrði tilbúin, lögbundinn liður á dagskrá fundarboðsins gleymdist og er í raun ástæða til að efast um lögmæti fundarins.

Rithöfundasambandi Íslands hefur enn tekist að koma í veg fyrir aðkomu Félags leikskálda og handritshöfunda og valdahópurinn sem stýrir IHM er að hluta studdur SFH en þar eru á fleti fyrir FÍH og FÍL. Augljóst er að framgangi formanns og framkvæmdastjóra FÍL, væntanlega með tilstyrk stjórnar, er stór tálmi í samstarfi FÍL og FLÍ og þar verður ekki breyting á fyrir en tekist er á um það innan FÍL.

Talað var um í haust að stór áfangi hafi náðst í höfundarrétti með lagasetningu Evrópuþingsins en hætt er við að það verði til lítils ef enginn fæst til að leggja á sig þá vinnu að sinna þessum mikilvæga þætti hagsmuna sviðslistamanna og þeirra afleiddu greina sem þaðan eru ættaðar: leikins efnis í hljóðvarpi og sjónvarpi, kvikmyndum og í framtíðinni og hleðslumiðlum.

## **NSIR**

Formaður sótti í maí fund norrænu leikstjórasamtakanna og er það þriðji fundurinn sem hann sækir. Síðustu tveir fundir hafa verið undirlagðir af áköfum fulltrúa Svía að ræða Meeto-mál og stöðu kvenna svo mjög að það yfirsýggir annað. Var í Stokkhólmi sýnilegt að öðrum fulltrúum þótti það efni full plássfrekt þó sýnilega sé ekki lokið þeim málarekstri: enn berast sögur af afsögn karlmannna úr yfirmannsstöðum vegna valdniðslu sem oft á sér kynferðislegar rætur en virðist almennt vera iðkun stjórnarháttar sem misbjóða samstarfsmönnum. Til fundarins var boðið fulltrúa Eista en hann var áhugalítill.

## **Húsnæði til afnota**

Húsnæði félagsins að Lindargötu hefur verið illa nýtt og var gripið til þess ráðs 2017 að leigja það að hálfu á móti gistileigjendum sem hefðu þar aðstöðu til lengri eða skemmri tíma. Hafa nokkrir nýtt sér aðstöðuna. Félagið tók húsnæðið alveg upp á sína arma frá áramótum og hefur auglýst það til afnota: Hot Ice var þar með skrifstofu og fundaraðstöðu um tíma og var það nýtt áfram um nær tveggja mánaðaskeið frá sumri fram á vetur gegn hóflegri leigu. Ritari félagsins nýtti það um sinn sem vinnuaðstöðu endurgjaldslaust.

## *Bandalag íslenskra listamanna*

Nýr forseti BÍL hefur nokkuð annan stjórnarstíl en forveri hans. Finna mátti nokkurn slaka færast í starfið og hefur Erling Jóhannesson kvartað yfir einangrun í starfinu og vill sjá breytingar á komandi aðalfundi samtakanna á þann veg að þar verði sett upp einhverskonar framkvæmdastjórn. Er það beint andsvar við slakri mætingu ýmissa fulltrúa á reglulega stjórnarfundum og í takt við það almenna áhugaleysi sem listamenn sýna samtökum sínum.

## *Heimsókn til LHÍ*

Sem fyrr var forystumönnum fagfélaga sviðslistanna boðið í Listaháskólann til að kynna þeim nemendum sem nú eru að útskrifast hvað félögin eru og hvað þau standa fyrir. Kynningin tókst vel og voru fjölmargar fyrirspurnir.

## *Listahátíð*

Félag leikstjóra er aðili að Listahátíð í Reykjavík frá fornu fari. Fulltrúar félagsins koma þar kurteislega á fulltrúaráðsfundi sem eru eins og ágætur maður sagði: dýrasti kaffibolli á landinu. FLÍ átti á liðnu ári fulltrúa í Fulltrúaráði Listahátíðar: Aðalmaður var Anna María Tómasdóttir og varamaður Tryggvi Gunnarsson.

## *Þjóðleikhúsráð*

Við stofnun Þjóðleikhússins var Þjóðleikhúsráð skipað af Alþingi og voru ráðsliðar fulltrúar stjórnarmálflokka á Alþingi. Með leiklistarlögum var látið af því fyrirkomulagi en menntamálaráðherra skipaði þrjá af fimm ráðsmönnum en FÍL og FLÍ tilnefndu fulltrúa sem ráðherra skipaði. Hefur um langan tíma verið sú venja að formenn félaganna sitji í Þjóðleikhúsráði.

Starfið vinnur í raun sem afgreiðsluráð fyrir ráðstafanir sem forstöðumaðurinn hefur ákveðið og ræður. Þáttaka ráðsliða er lítil og þekking afar takmörkuð hjá þeim fulltrúum sem ráðherra skipaði. Við síðustu kosningar í Reykjavík varð ljóst að Eypór Arnalds hafði sem forystumaður stærsta stjórnarmálflokks í borgarstjórn Reykjavíkur einstaka stöðu sem formaður leikhúsráðs Þjóðleikhússins og áhrifamaður um fjárveitingar til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, sjálfstæðu leikhúsanna í Tjarnarbíó. Var á það bent í bréfi til ráðuneytis þegar eftir kosningarnar. Er fram komu athugasemdir í stjórn FLÍ um að óeðlilegt væri að stjandi ráð fjallaði um væntanlega umsækjendur um starf Þjóðleikhússtjóra á þessu sumri var því komið á framfæri við ráðuneytið. Var þessum ábendingum ekki svarað fyrr en síðastliðinn fimmtudag á þar bent á skyldu þess sem talinn væri vanhæfur að tilkynna stöðu sína til ráðuneytis. Barst bréfið ekki fyrr sama dag og þjóðleikhúsráð fundaði um erindi frá Félagi íslenskra leikara vegna deilu sem staðið hefur um nokkurt skeið vegna framkomu þjóðleikhússtjóra. Í umræðum innan ráðsins um það erindi varð það niðurstaða allra ráðsmanna að ráðið væri að svo komnu ekki til þess fallið að fjalla um umsóknir svo hafið væri yfir vafa á komandi mánuðum og samþykkt að allir ráðsliðar og varamenn þeirra vikju sæti. Hafði formaður FLÍ átt samráð við þrjá ráðsliða fyrir fundinn og varamenn þeirra og var einróma álit þeirra sex að sú lausn væri hagkvæmust fyrir leikhúsið og starfið að nýtt ráð yrði skipað fyrir lok umsóknarfrest um starf þjóðleikhússtjóra og var það niðurstaða fundarins og tilkynnti Eypór Arnalds ráðherra þá niðurstöðu. Hvort sem ný sviðslistalög verða samþykkt með bráðabirgðaákvæði eða gildandi lög verða enn í fullu gildi þarf

ný stjórn að tilnefna fulltrúa í ráðið og varamann hans eða eiga í samráðsnefnd fagfélaga aðild að slíkum tilnefningum verði ný lög samþykkt á Alþingi. Páll Baldvin Baldvinsson gefur ekki kost á sér til setu í Þjóðleikhúsráði sem fulltrúi FLÍ eða fagfélaga.

## *Sviðslistasamband Íslands*

Sviðslistasamband Íslands er sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að málefnum sviðslista á Íslandi. Á starfsárinu hafa meginverkefni SSÍ verið eftirfarandi:

- Endurskoðun á starfi og skipulagi Grímunnar lauk með því að valnefnd lauk öðru sinni störfum á nýafstaðinni Grímu. Dagleg umsjón var á hendi Birnu Hafstein og Hrafnhildar Theódórsdóttur. Þriðja valnefndin samkvæmt nýja fyrirkomulaginu hefur nú lokið störfum og er Stefáni Jónssyni þakkað það eljusam verkefni að sitja í valnefnd Grímunnar fyrir FLÍ. Nýr fulltrúi er tekinn til starfa eftir ákvörðun stjórnar: Ástbjörg Rut Jónsdóttir
- Brýnt er að vinna að samningum um Grímuna til langs tíma, 3-5 ára, við RUV og þær leikhússtofnanir sem geta hýst viðburðinn: Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Koma verður húsnæðismálum hátíðarinnar í fastan farveg. Gera þarf kostnaðargreiningu á nýjan leik eftir reynslu liðins árs og setja SSÍ fjárhagsáætlun.
- Til sambandsins hafa borist fáeinar beiðnir um fjárstyrk en ekki er markaður farvegur fyrir slíkt í starfi þess og því nauðsyn að ákveða hvernig skal auglýsa og kynna slíka styrki, áætla þeim fjármagn og tilgang.

Úrsögn Ara Mattíassonar úr stjórn Sviðslistasambandsins var óvænt þó hann hafi á stjórnarfundum gert athugasemdir í kjölfar rannsóknar sinnar á launagreiðslum vegna Grímunnar. Voru þær ósanngjarnar og lituðust af einlægum ásetningi. Leiddi úrsögn hans til sviptinga á opinberum vettvangi og var það miður.

Að öðru leiti hefur samstarf innan stjórnar verið ánægjulegt, þó stefnumið sem greint var frá í síðustu skýrslu til félagsins hafi fæst gengið fram og eru því enn í fullu gildi.

Páll Baldvin hefur óskað eftir lausn frá setu í stjórn Sviðslistasambandsins sökum anna.

## *Leikminjasafn Íslands*

Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands hefur komið safnkosti Leikminjasafnsins fyrir til varanlegrar varðveislu í höfuðsöfnum Þjóðarinnar, Landsbókasafni og Þjóðminjasafni. Þessi ráðstöfun helgast af því að eftir að endurnýjuð safnalög tóku gildi 2013 var ljós sá vilji stjórnvalda að söfnum í landinu yrði fækkað og ábyrgð viðurkenndra safna yrði aukin. Þar með var ljóst að Leikminjasafn Íslands þyrfti að skoða tilverugrundvöll sinn, enda ljóst að safnið myndi ekki njóta viðurkenningar skv. nýjum safnalögum og yrði þar með ekki gjaldgengur umsækjandi um styrki úr Safnasjóði, nema í samvinnu við burðugri söfn. Gerðir voru samningar við Landsbókasafnið um skráningu og varðveislu allra bóka og handrita úr safnkosti Leikminjasafns, og við Þjóðminjasafnið um skráningu og varðveislu þeirra gripa sem safninu hafa áskotnast.

Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði Leikminjasafns Íslands hafa verið þau Jakob S. Jónsson aðalfulltrúi og Kolbrún Halldórsdóttir varafulltrúi hans.

## *Skoðunarmenn reikninga*

Charlotte Bøving  
Agnar Jón Egilsson



## Höfundaréttarráð

Höfundaréttarráð er vettvangur fyrir kynningu og umræðu um þau málefni höfundaréttar sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á listir og samfélag.

FLÍ á rétt til setu í höfundaréttarráði. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum höfundaréttarráðs. Boða skal til fundar í höfundaréttarráði einu sinni á ári, að jafnaði. Enginn fundur var haldinn í ráðinu á liðnu starfsári.

Þann 25. maí óskaði mennta og menningarmálaráðuneyti eftir að skipaður yrði nýr fulltrúi í ráðinu og á stjórnarfundum þann 4. júní voru þau kosin til þess Kolbrún Halldórsdóttir og varamaður hennar Stefán Hallur Stefánsson. Hefur ráðuneytinu verið tilkynnt um þá ákvörðun í bréfi. **Hefur ráðið komið saman á árinu?**

## Stjórnir og ráð á vegum BHM

Mikið starf er unnið á vegum BHM og fær netfang félagsins daglega sendingar frá samtökunum um hin ýmsu mál. Bolmagn FLÍ til að sinna þeim starfsvettvangi að fullu er lítið, enda sitja þar í nefndum og ráðum launaðir starfsmenn hinna stærri félaga. Uppi hafa verið hugmyndir um að fagfélög listafólks gæti mögulega efnt til formlegs samstarfs um hagsmuni sinna félagsmanna innan BHM, svipað og sjálfstætt starfandi fræðimenn hafa gert innan sambandsins Fræðagarðs. Slíkar hugmyndir koma til frekari skoðunar ef og þegar samtal um nánari samskipti/samstarf sviðslistafélaganna verður þróað áfram.

Á árinu olli nokkrum vonbrigðum afstaða lögmanns sambandsins, en leitað var til hans vegna samningsrofs MAK við Jón Pál Eyjólfsson, en hann taldi enga stöðu til afskipta að því máli.

Skipan okkar fólks í helstu nefndum sambandsins var sem hér segir:

Formannaráð BHM

Aðalmaður Páll Baldvin.

Varamaður FLÍ í formannaráði BHM er Tryggvi Gunnarsson

Fulltrúaráð Sjúkrasjóðs BHM

Aðalmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Varamaður: Páll Baldvin.

Fulltrúaráð Orlofssjóðs BHM

Aðalmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Varamaður: Páll Baldvin.

Einungis lítill hluti félaga FLÍ nýtir sér samflot og skráningu í samtökunum og þó það hafi á sínum tíma verið mikið hagsmunamál félagsins að ná þar seturétti eru efasemdir uppi um kosti þátttöku í félagskapnum.

Í ljósi þess að Páll Baldvin hyggst láta af störfum sem formaður þarf að kjósa nýja fulltrúa til starfa í nefndum og ráðum BHM.

## Fjárhagsstaða

„Hér skal vitnað í skýrslu stjórnar frá lokum starfsársins vorið 2016:

“Á aðalfundi FLÍ 2015 kom fram að fjárhagsstaða félagsins hefur farið versnandi á síðustu árum. Fyrst kom hrunið, sem veikti eignastöðuna nokkuð og við það bættist fremur lág ávöxtun á sjóðum félagsins eftir hrun. Svo hefur það haft áhrif að ákvörðun var tekin 2014 um að auka greiðslur til stjórnar félagsins vegna aukins álags af veru félagsins í BHM. Þá hefur það líka áhrif að á síðustu þremur árum hefur verið gerð gangskör að því að endurnýja alla samninga félagsins og hefur samninganefnd FLÍ fengið greitt fyrir fundarsetur. Af þessum ástæðum var ákveðið á aðalfundi 2015 að hækka lágmarksgjald það sem félagar greiða til félagsins úr kr. 15.000.- í kr. 24.000.- Um leið var gerð sú breyting á lögum félagsins að allir skyldu greiða lágmarksgjaldið, einnig þeir sem greiða til félagsins af tekjum sem þeir afla gegnum verkefni sem unnin eru á samningum félagsins.

Niðurstaða rekstrarins 2015 er sú að tapi hefur nú verið snúið í hagnað, þ.e. á árinu er tekjuafgangur að upphæð kr. 949.471.- en á árinu 2014 tapaði félagið tæpum 3,7 milljónum króna. Staðan er þó ekki betri en svo að fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er staðan neikvæð sem nemur kr. 1.390.654.- Þetta þýðir að tekjur félagsins duga ekki fyrir nema broti af rekstrinum og að ávöxtun sjóða félagsins, sem nam kr. 2.559.257.- er það sem heldur heildarniðurstöðunni réttu megin við núllið.

Vegna taps áranna 2013 og 2014 benda endurskoðendur félagsins stjórn á það í áritun sinni að nauðsynlegt sé að brugðist verði við ójöfnuðu eigin fé, sem var í árslok tæpar 4,7 milljónir króna. Eiginfjárstaðan er þó eilítið betri en 2014, hún er nú jákvæð sem nemur 22,7 milljónum króna (var 22.06 2014).

Ástæður neikvæðrar rekstrarstöðu FLÍ eru þær hversu fáir félagar greiða gjöld til félagsins. Á árinu voru 104 félagar á félagaskrá, af þeim greiddu einungis 7 félagar gjöld til félagsins alla mánuði ársins. 13 greiddu flesta mánuði ársins. Á fyrstu mánuðum ársins 2016 eru einungis 19 félagar að skila gjöldum gegnum innheimtakerfi BHM. Við þetta bættist að 39 félagar eru 60 ára og eldri, en samkvæmt lögum FLÍ eru þeir undanþegnir félagsgjaldi. Sumir þeirra eru þó að greiða af launum sem þeir afla fyrir verkefni sem unnin eru á samningum félagsins. Af 104 skráðum félögum 2015 voru 15 sem hvorki greiddu lágmarksfélagsgjaldið né af launum sínum gegnum BHM.“

Það hefur verið meginmarkmið stjórnar síðan að halda í horfinu og freista þess að reka félagið án þess að ganga á eignir félagsins, en það er erfitt. Mun gjaldkeri gera grein fyrir stöðu félagsins á fundinum.“

Þessi staða er óbreytt.

## Stefnumið – drög að starfsáætlun

- Boða til áfangaviðræðna samkvæmt samningum við fjármálaráðuneyti/Þjóðleikhús og LR.
- Hefja undirbúning að endurskoðun kjarasamninga sem renna sitt skeið 2019.
- Hefja viðræður við stjórn og listrænan stjórnanda Íslensku óperuna um samning við félagið.
- Halda áfram viðræðum við RUV um uppfærslu samnings um hljóðvarp, nýja gerð kjarasamnings um vinnu í sjónvarpi frá 1986 og koma á reglu í endurflutningi í samráði við önnur fagfélög.
- Gera könnun á eftirlaunastöðu félagsmanna og lífeyrisréttindum í samstafi við FÍL og FL&H.
- Kalla saman samráðsnefnd fagfélaga Sviðslistasambandsins og koma skipan á stöðu þess.
- Afla gagna um fyrirkomulag sjóða sem greiða listamönnum mánaðarlaun tímabundið í Svíþjóð, Belgíu og Frakklandi.

- Hefja viðræður við Sjálfstæða leikhópa og Bandalag íslenskra leikfélaga um launaviðmið leikstjóra.
- Senda út greiðslukröfu fyrir nýjum félagsgjöldum þegar að loknum aðalfundi með skýringum á félagsgjöldum en taka upp dreifingu innheimtu í fjórum greiðslum í von um betri skil. Koma félagsskírteinum út til greiðandi félaga þegar eftir mánaðarmót maí júní eftir að greiðsluseðill 1 af 4 er farinn út.
- Semja bréf á ensku til erlendra leikstjóra sem ráðnir eru til starfa hjá íslenskum leikhústofnunum með útdrætti um helstu samningskjör.

### *Stjórnarkjör*